

Ed. 271. Frumvarp til laga [150. mál]

um afnám laga nr. 111 9. okt. 1941, um eftirlit með opinberum sjóðum, svo og laga nr. 20 11. febr. 1953, um viðauka við þau lög.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963—64.)

1. gr.

Lög nr. 111 9. okt. 1941, um eftirlit með opinberum sjóðum, svo og lög nr. 20 11. febr. 1953, um viðauka við þau lög eru úr gildi felld og skal framvegis fela Ríkisendurskoðuninni eftirlit þetta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frv. þessu er lagt til, að lög um eftirlit með opinberum sjóðum verði afnumin og eftirlit þetta skuli framvegis falið Ríkisendurskoðuninni. Virðist ástæðulaust að kosta slíkt eftirlit sérstaklega, þar eð Ríkisendurskoðunin hefur öll skilyrði til að rækja það svo sem þarf, án sérstaks aukakostnaðar.